

 Sjávarútvegsþjónustan	Samfélagsverkefni gegn spillingu Sjávarútvegsþjónustan ehf. Tölvupóstfang: <a href="mailto:valdimar@sjavarutvegur.is">valdimar@sjavarutvegur.is</a> Sími: 695 2269		
<b>Heiti greinar:</b>	Athugasemdir við Áhættumat erfðablöndunar – Ferli málsins		
<b>Höfundur:</b>	Valdimar Ingi Gunnarsson, sjávarútvegsfræðingur		
<b>Leiðbeiningar nr:</b> 2	<b>Dagsetning útgáfu:</b> 15.03.2023	<b>Vefsíða verkefnisins:</b> <a href="http://lagareldi.is">lagareldi.is</a>	<b>Heimildir:</b> <a href="http://sjavarutvegur.is">sjavarutvegur.is</a>
<p>Þann 9. mars 2023 birtist fréttatilkynning á vef Hafrannsóknastofnunar undir heitinu Áhættumat erfðablöndunar útskýrt. Þar eru gerðar athugasemdir við skrif höfundar er varðar gagnrýni á áhættumat erfðablöndunar og skrif um vinnubrögðin við undirbúning og gerð laga um fiskeldi sem samþykkt voru á Alþingi Íslendinga á árinu 2019.</p> <p>Höfundur hefur gagnrýnt opinberlega Áhættumat erfðablöndunar allt frá árinu 2019. Fjölmiðlar eru hvattir til að kynna sér málið vel og jafnframt að viðhafa faglega og góða rannsóknablaðamennsku við umfjöllun sína um þetta mál og önnur er tengjast undirbúningi og gerð laga um fiskeldi. Í því samhengi er bent á greinar höfundar í viðauka 1 og skýrslu Ríkisendurskoðunar og fyrirhugaða greinagerð sem birt verður í sumar.</p>			

## Fréttatilkynning Hafrannsóknastofnunar

Þann 9. mars 2023 birtist fréttatilkynning á vef Hafrannsóknastofnunar undir heitinu Áhættumat erfðablöndunar útskýrt:<sup>1</sup>

"Valdimar Ingi Gunnarsson fer mikinn í Bændablaðinu þann 17. febrúar 2023 í gagnrýni sinni á Áhættumat erfðablöndunar og úthlutun stjórnvalda á heimildum til sjókvíældis á laxi. Valdimar sakar meðal annars Hafrannsóknastofnun um að ganga erinda erlendra fyrirtækja í þeim tilgangi að tryggja íslenskum fulltrúum þeirra mikinn fjárhagslegan ávinning. Lokun fyrir laxeldi í innri hluta Ísafjarðardjúps túlkar Valdimar sem beina aðför að hagsmunum fyrirtækja í íslenskrri meirihlutaeigu. Valdimar fullyrðir jafnframt að áhættumatið hafi lítið sem ekkert með náttúruvernd að gera og að litlum veiðiám sé fórnað til þess eins að geta veitt erlendum aðilum eldisheimildir. Hann klykkir út með því að vitna í umsögn þess eðlis að með lögfestingu áhættumatsins hafi verið gefin lagaheimild til þess að erfðablanda íslenskan lax. Valdimar ýjar jafnframt að því að annarleg sjónarmið og spilling hafi ráðið för við úthlutun eldisheimilda. Þegar svo alvarlegar ásakanir eru lagðar fram á opinberum vettvangi gagnvart Hafrannsóknastofnun og starfsmönnum hennar, verður ekki hjá því komist að bregðast við með einhverjum hætti".

Hér er verið að svara grein undirritaðs í Bændablaðinu og vitnað í andsvar í grein Ragnars Jóhannssonar rannsóknastjóra fiskeldis hjá Hafrannsóknastofnun í Bændablaðinu þann 9. mars 2023.<sup>2</sup> Ragnari Jóhannssyni er þakkað fyrir að svara grein minni „Áhættumat erfðablöndunar – hvað næst?“ og vekja þannig athygli á málinu. Grein mín birtist í Bændablaðinu þann 9. febrúar<sup>3</sup> og á vefnum bbl.is þann 17. febrúar 2023<sup>4</sup>.

<sup>1</sup> <https://www.hafogvatn.is/is/midlun/frettir-og-tilkynningar/ahaettumat-erfdablondunar-utskvrt>

<sup>2</sup> [https://www.hafogvatn.is/static/files/2023\\_sidur/bbl8mars2023.pdf](https://www.hafogvatn.is/static/files/2023_sidur/bbl8mars2023.pdf)

<sup>3</sup> <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2023/02/25.-Baendabladid-09.02.2023.pdf>

<sup>4</sup> <https://www.bbl.is/skodun/lesendaryni/ahaettumat-erfdablondunar-%E2%80%93-hvad-naest>

## Ferli málsins

Áhættumat erfðablöndunar var fyrst gefið út árið 2017<sup>5</sup> og síðan endurskoðað á árinu 2020<sup>6</sup>. Höfundur hefur gert opinberlega fjölda athugasemda við áhættumat erfðablöndunar allt frá árinu 2019, sent beiðnir um að gerð verði rannsókn og reynt að upplýsa í fjölmiðlum:

- **Umsögn við fiskeldislögin:** Þann 29. mars 2019 sendi höfundur umsögn<sup>7</sup> vegna frumvarps til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi. Þingskjal 1060 – 647. mál á 149 löggjafarþingi 2018- 2019<sup>8</sup>. Í umsögninni var m.a. bent á að „Íslendingar munu standa að baki nágrannalöndum í umhverfismálum laxeldis er varðar erfðablöndun...“. Í framhaldinu var mætt á fund hjá Atvinnuveganefnd.
- **Beiðni til Alþingismanna:** Þann 20. maí 2019 var sendur tölvupóstur<sup>9</sup> til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis og allir alþingismenn fengu afrit. Þar var óskað eftir að gerð væri opinbera rannsókn vegna alvarlegra annmarka á vinnubrögðum starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi, en áhættumatið var hluti af því máli. Með tölvupóstinum fylgdu ítarlegar greinagerðir: Stefnumótunarskýrslan og vinnubrögðin<sup>10</sup> og Athugasemdir við Áhættumat erfðablöndunar og tillögur að öðrum lausnum.<sup>11</sup> Beiðnin hefur verið ítrekuð nokkrum sinnum, engu hefur verið svarað og þannig beitt þöggun í málinu.
- **Upplýsa:** Í framhaldinu, til þess að vekja athygli á málinu voru birtar 12 greinar í Bændablaðinu á árinu 2020 um áhættumati erfðablöndunar. Síðan hafa verið birtar fleiri greinar bæði í Bændablaðinu og Morgunblaðinu og málið tekið fyrir í rannsóknaskýrslum (viðauki 1).
- **Úttekt á vinnubrögðum:** Farið var fram á við ráðgjafanefnd Hafrannsóknastofnunar á árinu 2021 að stuðlað verði að því að gerð verði úttekt á vinnubrögðum stofnunarinnar er varðar áhættumat erfðablöndunar.<sup>12</sup> Afrit af beiðninni hafði einnig verið sent á ýmsa aðila í ráðuneytinu sem litu svo á að beiðnin félli undir stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar, þar sem henni var svarað að hluta í skýrslu stofnunarinnar frá febrúar 2023.<sup>13</sup>
- **Umsögn:** Í lok ársins 2021 gerði höfundur alvarlegar athugasemdir við áhættumat erfðablöndunar í umhverfismati áætlananna.<sup>14</sup> Þeim athugasemdum var ekki svarað efnislega af einhverjum ástæðum.<sup>15</sup>

## Næstu skref

Undirritaður hefur gagnrýnt opinberlega vinnubrögð Hafrannsóknastofnunar er varðar áhættumat erfðablöndunar allt frá árinu 2019. Höfundur á ekki því að venjast að fá andmæli við alvarlegum athugasemdum er varðar undirbúning og gerð laga um fiskeldi og vinnubrögðunum eftir að lögin voru samþykkt enda oft skynsamlegt að segja ekki neitt. Fréttatilkynningu Hafrannsóknastofnunar og grein Ragnars verður svarað lið fyrir lið í ítarlegri greinagerð í sumar. Jafnframt verða birtar greinar í fjölmiðlum um afmarkaða þætti málsins.

## Gögn fyrir fjölmiðla

Fjölmiðlar eru hvattir til að kynna sér málið vel og jafnframt að viðhafa faglega og góða rannsóknablaðamennsku við umfjöllun sína um þetta mál og önnur er tengjast undirbúningi og gerð laga um fiskeldi sem samþykkt voru á Alþingi Íslendinga á árinu 2019. Í því samhengi er

<sup>5</sup> [https://www.hafogvatn.is/static/files/Gamli\\_vefur/hv2017\\_027.pdf](https://www.hafogvatn.is/static/files/Gamli_vefur/hv2017_027.pdf)

<sup>6</sup> <https://www.hafogvatn.is/is/moya/extras/laxeldi>

<sup>7</sup> <https://www.althingi.is/alttext/erindi/149/149-4916.pdf>

<sup>8</sup> <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efir-thingum/ferill/?ltg=149&mnr=647>

<sup>9</sup> <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2019/10/Beiðni-um-opinbera-ttekt.pdf>

<sup>10</sup> <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2019/11/Athugasemdir-vi-stefnumtunarskrsluna.pdf>

<sup>11</sup> <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2019/11/Athugasemdir-vi-haettumat-erfabldunar.pdf>

<sup>12</sup> <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/Fylgiskjal-3.-Beiðni-um-ttekt-rgjafanefnd-Hafro-22.10.2021.pdf>

<sup>13</sup> <https://rikisendurskodun.is/reskjol/files/Skyrslur/2023-stjornsysla-fiskeldis.pdf>

<sup>14</sup> <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2021/12/Ahaettumat-erfabldunar-i-umhverfismati-aaetlanna-08.12.2021.pdf>

<sup>15</sup> <https://www.hafogvatn.is/is/moya/news/endurutgefid-burartholsmat-og-ahaettumati-erfabldunar>

bent á greinar höfundar í viðauka 1 og skýrslu Ríkisendurskoðunar<sup>16</sup> og fyrirhugaða greinagerð sem birt verður í sumar.

## Viðauki 1.

**Tafla 1. Greinar og rannsóknaskýrslur sem höfundur hefur birt og tengjast gagnrýni á áhættumati erfðablöndunar.**

Valdimar Ingi Gunnarsson 2019. „Fljótandi að feigðarósi“ – Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl.). Þingskjal 1060 – 647. mál á 149. löggjafarþingi 2018- 2019. Sjávarútvegsþjónustan ehf. 26 bls.<sup>17</sup>

Valdimar Ingi Gunnarsson 2019. Stefnunótunarskýrslan og vinnubrögðin. Sjávarútvegsþjónustan ehf. 62 bls.<sup>18</sup>

Valdimar Ingi Gunnarsson 2019. Athugasemdir við Áhættumat erfðablöndunar og tillögur að öðrum lausnum. Sjávarútvegsþjónustan ehf. 54 bls.<sup>19</sup>

Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Áhættumat erfðablöndunar – Hver passar upp á íslenska náttúru? Bændablaðið 07.05.2020.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Áhættumat erfðablöndunar – Of fá veiðivötn skilgreind. Bændablaðið 20.05.2020.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Það er búið að löggesta heimild til erfðablöndunar á villtum íslenskum laxastofnum. Bændablaðið 04.06.2020.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Áhættumat erfðablöndunar og sjálfbærir villtir laxastofnar. Bændablaðið 02.07.2020.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Áhættumat erfðablöndunar og mótvægisáðgerðir. Bændablaðið 16.07.2020.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Áhættumat erfðablöndunar og vöktun laxastofna. Bændablaðið 30.07.2020.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Áhættumat erfðablöndunar og viðbrögð við slysasleppingum. Bændablaðið 20.08.2020.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Áhættumat erfðablöndunar sem íslenska leiðin. Bændablaðið 10.09.2020.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Áhættumat erfðablöndunar í nýju fót keisarans. Bændablaðið 24.09.2020.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Rýniskýrslan og vöktun laxastofna. Bændablaðið 08.10.2020.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Litlu laxastofnanir sem á að fórna. Bændablaðinu 05.11.2020.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Litlu laxastofnunum fórnað til að auka framleiðsluheimildir á frjóum eldislaxi. Bændablaðinu 19.11.2020.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2020. Litlu laxastofnanir – Skortur á vöktun og hugsanlegar skaðabótakröfur. Bændablaðið 03.12.2020.

Allar greinarnar sem birtar voru í Bændablaðinu um áhættumat erfðablöndunar er hægt að lesa í [Fiskeldisfréttum 2, tölubl. 7. árg](#)<sup>20</sup> en þar mynda þær eina heild. Allar greinarnar um litlu laxastofnana er hægt að lesa í [Fiskeldisfréttum 3, tölubl. 7. árg](#). en þar mynda þær eina heild<sup>21</sup>.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2021. Áhættumat erfðablöndunar verkfæri íslensku leiðarinnar. Morgunblaðið 25.01.2021.<sup>22</sup>

Valdimar Ingi Gunnarsson 2021. Áhættumat erfðablöndunar í umhverfismati áætlananna. Sjávarútvegsþjónustan. 95 bls.<sup>23</sup>

Valdimar Ingi Gunnarsson 2021. Farið er fram á að gerð verði úttekt á vinnubrögðum Hafrannsóknastofnunar er varðar áhættumat erfðablöndunar. Beiðni til ráðgjafanefndar Hafrannsóknastofnunar. 9 bls.<sup>24</sup>

Valdimar Ingi Gunnarsson 2022. Stefnunótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staðan. Viðauki 7 við bókina: Lög um fiskeldi – „Þetta hefur eftirmála“. 1. útg. 99 bls.<sup>25</sup>

Valdimar Ingi Gunnarsson 2022. Landsamband fiskeldisstöðva og stefnunótun í fiskeldi. Viðauki 5 við bókina: Lög um fiskeldi – „Þetta hefur eftirmála“. 1. útg. 28 bls.<sup>26</sup>

Valdimar Ingi Gunnarsson 2023. Áhættumat erfðablöndunar – Hvað næst? Bændablaðið 9. febrúar 2023.<sup>27</sup>

Hægt er að finna allar greinar er tengjast málinu á slóðinni: [https://sjavarutvegur.is/?page\\_id=1017](https://sjavarutvegur.is/?page_id=1017)

<sup>16</sup> <https://rikisendurskodun.is/reskjal/files/Skyrslur/2023-stjornsysla-fiskeldis.pdf>

<sup>17</sup> <https://www.althingi.is/altext/erindi/149/149-4916.pdf>

<sup>18</sup> <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2019/06/Fylgiskjal-2.-Athugasemdir-vi%C3%B0-stefnum%C3%B3tunarsk%C3%BDrsluna.pdf>

<sup>19</sup> <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2019/06/Fylgiskjal-5.-Athugasemdir-vi%C3%B0-%C3%81h%C3%A6ttumat-erf%C3%B0abl%C3%B0ndunar.pdf>

<sup>20</sup> <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2020/11/Fiskeldisfrttir-02.07.2020.pdf>

<sup>21</sup> <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/03/Fiskeldisfrttir-nr-3-2020.pdf>

<sup>22</sup> <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2021/07/11.-Morgunbladid-2021-01-25.pdf>

<sup>23</sup> <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2021/12/Ahaettumat-erfdablondunar-i-umhverfismati-aaetlanna-08.12.2021.pdf>

<sup>24</sup> <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2023/01/Fylgiskjal-1.-Beiðni-um-uttekkt-radgjafanefnd-Hafro-21.10.pdf>

<sup>25</sup> <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2022/11/Fylgiskjal-1.-Stefnumotun-i-fiskeldi.pdf>

<sup>26</sup> <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2022/10/Landsamband-fiskeldisstodva.pdf>

<sup>27</sup> <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2023/02/25.-Baendabladi-09.02.2023.pdf>